

Textar



HARMÓNÍU KÓRINN

Árbæjarkirkja – vorið 2026

Útg. 2 – Stafrófsröð

Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
|: Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn. :|

Þei þei, þei þei, þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.
|: Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun. :|

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrotting er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.
|: Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil. :|

Grímur Thomsen

Cantate domino

Alleluia, alleluia, alleluia.

Cantate Domino canticum novum. Alleluia.

Jubilate Deo omnis, jubilate Deo omnis,
jubilate Deo omnis terra:

servite Domino, Domino in lætitia.

Alleluia, allelu, alleluia.

Jubilate Deo omnis, jubilate Deo omnis,
jubilate Deo omnis terra:

[A]

cantate et exsultate et psallite Reegem,
et psallite Regem, Regem regum

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

Alleluia, alleluia.

[B]

Alleluia, alleluia.

Cantate Domino canticum novum. Alleluia.

Jubilate Deo omnis, jubilate Deo omnis,
jubilate Deo omnis terra

[C]

cantate et exsultate et psallite Reegem,
et psallite Regem, Regem regum

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

et hymnum dicite Deo, Deo (Alleluia).

Deo Alleluia, alleluia.

Ég að öllum háska hlæ

Ég að öllum háska hlæ

heims í éli ströngu.

Mér er sama nú hvort næ

nokkru land'i eða öngvu.

Stundum þungbær þögnin er

þrauta lífs á vöku.

Alltaf lifnar yfir mér

ef ég raula stöku.

Skáld Rósa / Níels skáldi Jónsson

Heyr himna smiður

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helzt hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason

Hjá lygnri móðu

Hjá lygnri móðu í geislaglóð við
græna kofann,
hann sá hvar hún stóð hið fríða fljóð
fráhneppt að ofan.
Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,
víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Á hann leit hún æskuteitu
auga forðum,
það var kvöld í sveit og hún kvaddi hann veit ég
kærleiksorðum.
Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,
víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Innst í hjarta augað bjarta og
orðið góða
hann geymir sem skart uns grafarhúm svart mun
gestum bjóða.
Mitt er þitt og hjá mér áttu heima,
víst skaltu öllum veraldarsorgum gleyma.

Halldór Kiljan Laxness

Hvíli ég nú síðast huga minn

Ps. 50.11

Hvíli ég nú síðast huga minn,
Herra Jesú, við legstað þinn.
Þegar ég gæti' að greftran þín,
gleðst sála mín.
Skelfing og ótti dauðans dvín.

Ps. 50.12

Sektir mínar og syndir barst
sjálfur þegar þú þíndur varst.
Uppá það dóstu, Drottinn kær,
að kvittuðust þær.
Hjartað því nýjan fögnuð fær.

Ps. 50.17

Svo finni' ég hæga hvíld í þér,
hvíldu Jesú, í brjósti mér.
Innsigli heilagur andi nú
með ást og trú
hjartað mitt, svo þar hvílist þú.

Ps. 50.18

Dýrð, vald virðing og vegsemd hæst,
viska, makt, speki' og lofgjörð stærst
sé þér, ó Jesú, herra hár,
og heiður klár.
Amen amen um eilíf ár

Hallgrímur Pétursson

In einem kühlen Grunde

In einem kühlen Grunde,
Da geht ein Mühlenrad,
|: Mein Liebchen ist verschwunden,
Das dort gewohnet hat. :|

Sie hat mir Treu' versprochen,
Gab mir ein' Ring dabei,
|: Sie hat die Treu' gebrochen,
Das Ringlein sprang entzwei. :|

Ich möcht' als Spielmann reisen
Wohl in die Welt hinaus
|: Und singen meine Weisen
Und geh' von Haus zu Haus. :|

Ich möcht' als Reiter fliegen
Wohl in die blut'ge Schlacht,
|: Um stille Feuer liegen
Im Feld bei dunkler Nacht. :|

Hör' ich das Mühlrad gehen,
Ich weiß nicht, was ich will;
|: Ich möcht' am liebsten sterben,
Da wär's auf einmal still. :|

Krummavísa

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn”.

Þjóðvísa

Locus iste (Gradual)

|:Locus iste a Deo factus est,:|
a Deo, Deo factus est
|:inaestimabile sacramentum,:|
|:irreprehensibilis est,:|
|:Locus iste a Deo factus est,:|
a Deo, Deo, Deo,
a Deo, Deo factus est.

Næturhvíldin mín náttúrlig

Ps. 4.5

Næturhvíldin mín náttúrlig
nóg er mér trygg, þá veit ég þig
hjá mér vaka til hjálpræðis.
Hvert kveld vil ég þig biðja þess.

Ps. 4.15

Vil ég nú hjartans feginn fá,
frelsari minn, að vaka þér hjá.
Andinn til reiðu er í stað.
Of mjög holdið forhindrar það.

Ps. 4.14

Láttu þó aldrei leiðast þér,
ljúfi Jesú, að benda mér.
Hugsi til mín þitt hjartað milt.
Hirtu mig líka sem þú vilt.

Ps. 4.16

Jesús unnti með ljúfri lund
lærisveinum að hvíla um stund,
því hann vorkynnti þeim og mér.
Það eitt mín blessuð huggun er.

Ps. 4.24

Vaktu, minn Jesú, vaktu í mér;
vaka láttu mig eins í þér.
Sálin vaki, þá sofnar líf,
sé hún ætíð í þinni hlíf.

Hallgrímur Pétursson

Signum

Cum decore, cum amore,
cum splendore, cum ardore,
cum vigore, cum calore,
voce cantate melodica.

Gaudia mirifica
magnificate in musica.

.

Smávinir fagrir

Smávinir fagrir foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá

Faðir og vinur alls sem er
annastu þennan græna reit
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit

Vesalings sóley sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig,
hægur er dúr á daggar nótt
dreymi þig ljósið, sofðu rótt.

Jónas Hallgrímsson

Stóðum tvö í túni

SA

Stóðum tvö í túni; tók Hlín um mig sínum höndum,
hauklegt kvendi, hárfögr og grét sáran;
títt flugu tárur tróðu, til segir harmur um vilja;
strauk með drifhvítum dúki drósum hvarminn ljósa.
Langúðig strauk löðri líneik um skör mína;
því er mér enn til annars óbrátt höfuðþváttar.
Öllungis skal engi Auði glæst ið næsta
ein á aldri mínum asklaugar mér vaska.

BT

Stóðum tvö í túni; tók Hlín um mig sínum höndum
hauklegt kvendi, hárfögr og grét sáran, sáran;
títt flugu' tár um tróðu, segir harmr um vilja;
strauk drifhvítum dúki drós um hvarminn ljósa, ljósa.
Langúðig strauk löðri líneik um skör mína;
því er mér til annars óbrátt höfuðþváttar, þváttar.
Öllungis skal engi Auði glæst ið næsta
ein á aldri mínum asklaugar mér vaska, vaska.

Undir bláum sólarsali

Undir bláum sólarsali
Sauðlauks upp í lygnum dali
fólkið hafði' af hana gali
hversdagsskemmtun bænum á.
Fagurt galaði fuglinn sá.
Og af fleiri fuglahjali
fryggð um sumarstundir.
Listamaðurinn lengi þar við undi.

Eggert Ólafsson

Vorvísa

Hve bjart er veður,
og blómið glatt er morgundöggin seður.
Ó græna lífsins land!
Ó lífsins Grænaland, ó lands míns gróður,
leyf mér að elska þig og vera góður.

Hve margt sem gleður.
Í gljúpri lækjarseyru smáfugl veður.
Ó dýra lífsins land!
Ó lífsins Dýraland, ó land míns bróður,
hvers lítils fugls, og draumur vorrar móður.

Halldór Kiljan Laxness

Kvæðakver.

Þriðja útgáfa 1956

Því er hljóðnuð þýða raustin

Því er hljóðnuð þýða raustin,
hún, sem fegurstu kvæðin kvað?
Því er söngurinn þagnaður,
hann, sem í ómandi öldum
lék við eyrun sem lóukvak,
eða líkt og lækjarniður?

Þjáð af sorg er þýða raustin,
hún, sem fegurstu kvæðin kvað.
Því er söngurinn þagnaður?
Hann mun í ómandi öldum
aldrei leika sem lóukvak,
eða líkt og lækjarniður.

Þjáð af sorg er þýða raustin,
hún, sem fegurstu kvæðin kvað.

Gestur þýddi úr finnsku

Ölerindi

Nú er ég glaður á góðri stund,
sem á mér sér;
guði sé lof fyrir þennan fund
og vel sé þeim sem veitti mér.

Vitjað hefi' ég á vinamót,
sem nú á sér;
reynt af mörgum hýrleg hót;
og vel sé þeim sem veitti mér.

Gott er að hætta hverjum leik,
þá hæst fram fer.
Nú skal hafa sig á kreik,
og vel sé þeim sem veitti mér.

Hallgrímur Pétursson